

## FUNDARGERÐ

### 139. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

**Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps.

**Fundartími:** Þriðjudagur 10. apríl 2007 kl. 16:00.

**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.

**Ritari fundarins:** Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

**Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnáði.**

**Björgvin leggur til að málefnum leikskóla og tónskóla verði frestað vegna forfalla stjórnenda og að byrjað verði á að fjalla um skólastefnu. Samþykkt samhljóða.**

**Gerðir fundarins:**

I. **Almennt**

1. **Skólastefna.**

Sveitarstjórn hefur falið fræðslunefnd að vinna drög að skólastefnu fyrir Mýrdalshrepp. Fram kemur að Sædís Íva Elíasdóttir og skólasystur hennar hafi óskað eftir að fá að skoða rekstur skólanna í Mýrdalshreppi í ljósi lagabreytinga sem til umræðu eru um opnun á rekstrarformi skóla.

Fræðslunefnd tekur að sér verkefnið og fagnar samvinnu við Sædísí Ívu og félag. Nefndin óskar eftir að skrifstofa Mýrdalshrepps aðstoði við öflun upplýsinga.

Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir skólastjóri, Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara og Hjördís Rut Jónsdóttir fulltrúi foreldra mæta á fundinn.

II. **Grunnskólinn**

1. **Bréf menntamálaráðuneytis dags. 15. mars 2007.**

Lagt fram til kynningar.

2. **Önnur mál.**

a) **Skólastefna**

Sveitarstjórn hefur falið fræðslunefnd að vinna drög að skólastefnu fyrir Mýrdalshrepp. Nefndin kemur til með að óska samstarfs við stjórnendur og starfsfólk skólanna, skólabörn og foreldra þeirra.

b) **Nýsköpunarkeppni grunnskóla.**

Bent er á að nemendur hafi komið heim með umsóknareyðublað til útfyllingar 22. mars en umsókn hafi átt að skila 23. mars.

c) **Árshátíð grunnskólans**

Fræðslunefnd þakkar starfsfólki og nemendum skólans fyrir vandaða og skemmtilega árshátíð.

Kolbrún, Gunnar og Hjördís yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 17:00

---

Inger Schiöth

---

Björgvin Jóhannesson  
Formaður

---

Bergþóra Ástþórsdóttir

---

Guðný Sigurðardóttir

---

Sveinn Pálsson  
Sveitarstjóri

---

Andrína Guðrún  
Erlingsdóttir